



1. grein - HEITI FÉLAGSINS

Félagið heitir Flugbjörgunarsveitin Reykjavík og er skammstafað FBSR (*hér eftir FBSR*). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein – HLUTVERK

Hlutverk FBSR eru:

- a. Leitar- og björgunarstörf.
- b. Stuðla að þjálfun félaga til að auka færni þeirra til leitar- og björgunarstarfa.

3. grein – MERKI

Merki **FBSR** eru gulir vængir með rauða fallhlíf fyrir miðju. Inn í fallhlífinni eru stafirnir FBS og á merkinu stendur Flugbjörgunarsveitin Reykjavík. Nánari útlitun á merkinu skal sett í reglugerð.

4. grein - NÝLIÐAÞJÁLFUN

Til að hefja þátttöku í nýliðaþjálfun þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Að vera 18 ára þegar þjálfun hefst, en undanþágu má gera verði viðkomandi 18 ára á árinu sem þjálfun hefst.
- b. Að hafa hreint og óflekkað mannorð.
- c. Að vera líkamlega og andlega heilbrigður.

5. grein – NÝIR FÉLAGAR

Nýir félagar eru teknir inn í **FBSR** með samþykki aðalfundar. Skal nýliðaþjálfari og stjórn **FBSR** mæla með inngöngu félaga.

Fullgildir félagar geta þeir einir orðið sem hafa lokið tilskilinni þjálfun með góðum árangri á a.m.k. tveimur starfsárum í nýliðaflokki. Víkja má frá þessu skilyrði með ákvörðun stjórnar þegar sérstakar ástæður mæla með því, t.d. þegar aðili býr yfir sérþekkingu sem gæti nýst **FBSR** eða ef hann kemur frá annarri sveit innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hefur hlotið sambærilega þjálfun og gert er ráð fyrir í nýliðaþjálfun **FBSR**. Umsækjendur skulu vera virkir í starfi sveitarinnar í að lágmarki í 6 mánuði áður en þeir geta orðið fullgildir félagar.

Stjórn er heimilt að veita umsækjendum gestaaðild, sem er tímabundin og án atkvæðisréttar. Stjórn skal setja sérstakar reglur um gestaaðild. Gestaaðild er veitt í eitt ár í senn og getur stjórn afturkallað aðildina án fyrirvara.

6. grein - ÚRSÖGN

Ósk um úrsögn úr **FBSR** skal berast stjórn skriflega.

7. grein – BROTTVIKNING

Félögum FBSR er stranglega bannað að neyta eða vera undir áhrifum áfengis eða ólöglegra fíkniefna í starfi og/eða undir merkjum FBSR.

Stjórn FBSR getur tafarlaust vísað þeim félagum sem gerist brotlegur úr félaginu.

Stjórn er heimilt að vísa félagum úr FBSR ef þeir gerast brotlegir við lög, siðareglur og aðrar reglur félagsins eða vanvirða félagið alvarlega á annan hátt eða ef fyrir liggur úrskurður siðanefndar **FBSR** um brottvikningu.

Tilkynna skal félagum um ákvörðun stjórnar. Félagum er heimilt að áfrýja þessari ákvörðun til næsta aðalfundar.

8. grein - SIÐAREGLUR

Félagar skulu fylgja siðareglum FBSR, sem samþykktar eru af aðalfundi. Í siðareglum FBSR skal leitast við að taka tillit til siðareglna Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Brot á siðareglum FBSR getur varðað brottrekstur úr félaginu sbr. 7. gr.

9. grein – AÐALFUNDUR

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum FBSR, samkvæmt því sem lög og samþykktir félagsins ákveða. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa fullgildir félagar samkvæmt 5. grein.

Aðalfundur skal halda í maí ár hvert. Stjórn skal ákveða og auglýsa dagsetningu aðalfundar fyrir lok febrúar ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, t.d. með tölvupósti, og með tilkynningu á heimasíðu félagsins með minnst 5 daga fyrirvara.

Tillögur um breytingar á lögum FBSR skulu berast stjórn minnst 30 dögum fyrir fyrirhugaðan aðalfund og tillögur sem bera á undir atkvæði skulu berast stjórn viku fyrir fyrirhugaðan aðalfund. Í fundarboði skal kynna lagabreytingatillögur og tillögur sem fyrir fundinum liggja, ef þær eru á dagskrá. Breytingartillögur má gera við frumtillögur á aðalfundi. Til þess að breytingar á lögum FBSR nái samþykki, þurfa þær 2/3 hluta atkvæða fundarmanna. Til þess að aðrar tillögur nái samþykki þarf einfaldan meirihluta atkvæða.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað og 35 fullgildir félagar sækja fundinn. Ef eigi sækja fundinn nægilega margir, skal boða fundinn aftur með 5 daga fyrirvara og er hann þá löglegur, ef löglega er til hans boðað.

Fundargerð aðalfundar skal vera aðgengileg fyrir félagum innan 30 daga frá aðalfundi á skilgreindu vefsvæði og geymd með öruggum hætti.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- 1) Formaður setur fundinn, en fundurinn kýs sér fundarstjóra og fundarritara.
- 2) Fundarritari fer yfir helstu mál frá síðasta aðalfundi og athugasemdir ef einhverjar eru.
- 3) Skýrsla stjórnar.
- 4) Ársreikningur lagður fram til samþykktar.
- 5) Inntaka nýrra félaga.
- 6) Lagabreytingar ef þeirra er getið í fundarboði.
- 7) Tillögur sem borist hafa kynntar og bornar undir atkvæði.
- 8) Kosning stjórnar.
- 9) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
- 10) Kosning tveggja í uppstillingarnefnd.

- 11) Kosning tveggja trúnaðarmanna sem starfa skulu sjálfstætt.
- 12) Kosning eins félaga í siðanefnd til tveggja ára í senn og stjórn kynsir val sitt á oddamanni (félagi eða utan sveitar).
 - a) Við fyrstu kosningu siðanefndar skal kjósa tvo félaga í nefndina. Annan til eins árs en hinn til tveggja. (Ákvæði til bráðabirgða sem fellur niður eftir fyrstu kosningu).
- 13) Kosning þriggja félaga í valnefnd um heiðursveitingar til fimm ára.
- 14) Önnur mál.

10. grein – FÉLAGSFUNDUR

Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórninni þykir þurfa eða þess er krafist af a.m.k. 10 félagsmönnum og skal þá fundurinn haldinn innan tveggja vikna. Til hans skal boðað á sama hátt og til aðalfundar.

Félagsfundum stjórnar að jafnaði formaður félagsins, en ritari skal færa fundargerðir. Sala á fasteign FBSR er háð samþykki félagsfundar eftir tillögu stjórnar.

Fundargerðir félagsfundar skulu varðveittar og birtar með sama hætti og fundargerðir aðalfundar.

11. grein – STJÓRN

Stjórn FBSR fer með æðsta vald milli aðalfunda.

Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er á fundi. Úrslitum ræður afl atkvæða. Séu þau jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórn FBSR skipa sjö félagar, formaður og sex meðstjórnendur. Formaður er kosinn til tveggja ára og meðstjórnendur til tveggja ára.

Á tveggja ára fresti skal formaður kosinn sérstaklega. Auk þess skulu kosnir þrjú meðstjórnendur til tveggja ára, þannig að sjö manna stjórn verði fullmönnuð. Hættir meðstjórnandi áður en tvö ár eru liðin, skal kosið í hans stöðu á næsta aðalfundi til eins árs. Af meðstjórnendum eru varaformaður og gjaldkeri kosnir sérstaklega hvor á sínu ári. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti og velur ritara.

12. grein – NEFNDIR

Til að annast sérstök málefni FBSR, skal stjórnin skipa nefndir er verði henni til ráðuneytis og aðstoðar. Vald og verksvið nefndanna skal nánar ákveðið af stjórninni. Stjórnin getur falið þeim að gefa aðalfundi skýrslu um hin sérstöku mál. Stjórnin skipar formann í þeim, en að öðru leyti skipta þær með sér verkum. Stjórnin getur vikið mönnum úr nefndum og skipað aðra í þeirra stað, en einnig getur hún fjölgað í nefndum, telji hún þess þörf.

13. grein – REGLUGERÐIR

Stjórn getur sett reglugerðir um einstaka þætti starfseminnar, að höfðu samráði við flokkstjóra þegar það á við, m.a. um starfshætti flokka, nefndir, þjálfunarkröfur o.fl.

14. grein – SLIT

Ef 2/3 hluta félagsmanna samþykkja á aðalfundi að slíta FBSR, skal það gert og eignum þess ráðstafað til líknar- eða menningarmála samkvæmt ákvörðun fundar.

15. grein - ÁBYRGÐ

Félagar bera hvorki persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins né geta þeir gert tilkall til eigna þess.

16. grein – REIKNINGSÁR

Reikningsár FBSR skal vera frá 1. apríl til 32. mars.

17. grein - SJÓÐIR FBSR

Leitast skal við að ávaxta sjóði sveitarinnar á sem hagkvæmastan hátt hverju sinni. Ávöxtun sjóða skal skipt niður í þrjá áhættuflokka skv. viðauka 1. Ákvörðun um fjárfestingar skal vera í höndum stjórnar og gjaldkera. Stjórn skal skipa sérstaka fjárfestinganefnd sem kemur með tillögur að hagkvæmum fjárfestingakostum sem uppfylla skilyrði viðauka 1.

Allar lántökur félagsins umfram 5 mkr. skulu samþykktar á félagsfundi með meirihluta atkvæða. Stjórn félagsins er þó heimilt að stofna til viðskiptaskulda umfram 5 mkr. þegar um er að ræða innkaup vegna fjáraflana félagsins.

18. grein – TRYGGINGAR

Stjórn FBSR skal ávallt sjá til þess að allir félagar og samþykktir nýliðar séu líf- og slysatryggðir í öllu starfi félagsins.

19. grein – HEIÐURSVEITINGAR

Valnefnd um heiðursveitingar skal skipuð þremur félögum sem kosnir eru á aðalfundi, til fimm ára í senn. Tillaga um heiðursfélaga skal samþykkt einróma af stjórn FBSR.

Tillaga um kjör heiðursfélaga skal vera skrifleg, studd af tveimur eða fleiri félögum. Hún skal send stjórn félagsins sem leggur hana fyrir valnefnd. Nefndin getur einnig átt frumkvæði að tillögu um heiðursfélaga. Tillaga um heiðursfélaga telst samþykkt með einróma stuðningi valnefndar og stjórnar. Stjórn FBSR getur veitt heiðursmerki fyrir áhuga á félagsmálum, eftir nánari reglum sem stjórnin setur.

20. grein - AÐILD AÐ LANDSBJÖRG

FBSR er aðili að Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi FBSR 27. maí 2025

Viðauki I. - Fjárfestingarstefna og innlán.

FBSR leitast við að ávaxta fé sitt á sem hagkvæmasta hátt að uppfylltum neðangreindum skilyrðum, með flokkun í eftirfarandi eignaflokka A–C:

1. Eignaflokkur A, Fjármálagerningar með minni áhættu, allt að 100%

- a. Innlán viðskiptabanka og sparisjóða.
- b. Ríkisskuldabréf.

2. Eignaflokkur B, Fjármálagerningar með meðal áhættu, allt að 30%

- a. Skuldabréf samkvæmt lögum um sértryggð skuldabréf.
- b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum, váttryggingafélögum og opinberum stofnunum eða opinberum fyrirtækjum, að undanskildum kröfum sem um hefur verið samið, að víki fyrir öllum öðrum kröfum.

3. Eignaflokkur C, Fjármálagerningar með meiri áhættu, allt að 10%

- a. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.